

	Hafnarfjarðarbær
Innk:	6.6.2016
Málsnr:	1511356
Bréfal:	521.1

Hafnarfjarðarbær

1. Júní 2016

Bt Þormóðs Sveinssonar skipulagsfulltrúa

Varðar bréf dagsett 17. 05. 2016 en

póstlagt er 25. 05. 2016.

Mál er varðar beiðni Slökkviliðs höfuðborgarsvæðis um að byggja 632 fm geymsluhúsnæði á lóðamörkum lóðarinnar Skútahraun 6.

Við undirrituð eigendur húshluta að Skútahrauni 4 mótmælum að heimilað verði að byggja 632 fm húsnæði á lóðamörkum lóðar okkar.

1. Við kaup á húsnæðinu skoðuðum við deiliskipulag hverfisins og hvaða breytingar kynnu að verða á hverfinu og byggingarreitum. Við þá skoðun gátum við ekki ímyndað okkur að farið væri fram á að byggja slíka byggingu sem Hafnarfjarðarbær sendir nú til okkar erindi um sem grendarkynningarerindi.
2. Á deiliskipulagi frá í júlí og ágúst 2008 eru engir byggingarreitir skilgreindir á því svæði sem erindið fjallar um. Því er mótmælt að heimila byggingareit svo nálægt lóðarmörkum sem yfirlitsmyndir sýna á teikingum sem Hafnarfjarðarbær sendir með erindinu til okkar.
3. Á þeim afstöðumyndum sem Hafnarfjarðarbær hefur sent til okkar kemur fram að hugmyndir eru um að leysa lóðarmörkin með því að gera amk 5 metra fláa inn á lóðina Skútahraun 4. Öllum slíkum útfærslum er harðlega mótmælt.
4. Það er einlæg ósk okkar að ekki komi til slíkra byggingaframkvæmda á lóðamörkum lóðanna Skútahraun 4 og 6 sem Hafnarfjarðarbær hefur sent erindi um svo að ekki komi til frekari ráðstafanna af okkar hálfu.

Með von um að fullt tillit verði tekið til athugasemda okkar.

Með góðum kveðjum

Laufey Jóhannsdóttir og Skúli Gunnar Böðvarsson.

Eigendur að Skútahrauni 4.

